



Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÁFALLA- OG SLYSAÁÆTLUN

LEIKSKÓLAR ÁRBORGAR

UNNIÐ AF LEIKSKÓLASTJÓRUM OG YFIRFARIÐ
FEBRÚAR 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Reglur áfallaráðs	1
2. Hlutverk áfallaráðs	1
3. Áfallaráð leikskólanna	2
4. Vinnuáætlun	2
4.1. Fyrstu viðbrögð	3
4.2. Aðgerðir áfallaráðs	3
5. Áföll	4
5.1. Nemendur	4
5.1.1. Alvarleg veikindi og/eða langvinnir sjúkdómar	4
5.1.1.1. Þegar nemandi kemur aftur í skólann	5
5.1.2. Alvarlegt slys á nemanda	5
5.1.2.1. Alvarleg slys sem verða í skólanum	5
5.1.2.2. Slys sem verða utan skólatíma	5
5.1.2.3. Næstu dagar	5
5.1.2.4. Þegar nemandi kemur aftur í skólann	5
5.1.3. Andlát nemanda	6
5.1.3.1. Hvernig skal bregðast við	6
5.1.3.2. Vinna í skólanum sama dag	7
5.1.3.3. Vinna með nemendur í skólanum næstu daga	7
5.2. Aðstandendur nemanda (foreldrar og/eða systkini)	7
5.2.1. Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda	8
5.2.2. Alvarleg slys aðstandenda nemanda	8
5.2.3. Andlát aðstandenda nemanda	8
5.3. Starfsfólk	9
5.3.1. Alvarleg veikindi starfsmanns leikskólans	9
5.3.2. Alvarleg slys starfsmanns leikskólans	9
5.3.3. Andlát starfsmanns	9
5.3.4. Alvarleg veikindi maka og/eða barna starfsmanns	9
5.3.5. Andlát maka og/eða barna starfsmanns	10
6. Fólk af erlendum uppruna – leiðir varðandi viðbrögð við áföllum	10
7. Að umgangast barn sem er í sorg	11
Fylgiskjöl	11
Viðbragðsáætlun vegna slysa	13
Bókalisti yfir barna- og fullorðinsbækur	19
Líðan og hegðun barna í áföllum	20
Algeng einkenni sorgarviðbragða	20
Sorgarferli	21

Inngangur

Áfallaáætlun leikskóla Árborgar er leiðarvísir um rétt viðbrögð við slysum eða alvarlegum áföllum sem upp geta komið. Markmið með áfallaáætlun er m.a.:

- ✓ Vekja starfsfólk til umhugsunar og umræðna um viðbrögð vegna ýmis konar áfalla.
- ✓ Hvaða atburðir eða áföll eru líkleg til þess að kalla fram áfallastreitu eða sorgar viðbrögð.
- ✓ Starfsfólk leikskólans verður betur í stakk búið til að bregðast fumlaut og ákveðið við þegar áföll verða.

Lögð er áhersla á að allt starfsfólk leikskólans kynni sér þessa áætlun hið fyrsta. Í júní ár hvert er áætlunin yfirfarin af leikskólastjórum og áfallateymum og endurbætt.

1. Reglur áfallaráðs

Í áfalla ráði sitja leikskólastjóri, sem er jafnframt ábyrgðaraðili, ásamt aðstoðarleikskólastjóra/staðgengli leikskólastjóra og öllum deildarstjórum leikskólans. Eins og kom fram í inngangi þá er áætlunin endurmetin í júní ár hvert og kynnt á fyrsta starfsdegi að hausti.

2. Hlutverk áfallaráðs

Hlutverk áfallaráðs felur í sér að gera vinnuáætlun svo bregðast megi hratt og örugglega við þegar áföll hafa orðið s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.

Lykilhlutverk áfallaráðs felst í að móta skýra vinnuáætlun þar sem eftirfarandi atriði koma skýrt fram:

- Hver sinnir hvaða hlutverki.
- Í hvaða röð.
- Hvernig beri að bregðast við í hverju tilviki fyrir sig.

**Lykilatriði er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra
sem hlut eiga að máli hverju sinni**

Hlutverk áfallaráðs fellst einnig í því að sjá til þess að allt starfsfólk fái fræðslu er tengist því hvernig bregðast skuli við áföllum og einkennum áfallastreitu hjá börnum. Það sér einnig um að kennarar og annað starfsfólk leikskólans hafi kost á stuðningi og áfallahjálpi.

Leikskólastjóri er tengiliður við fjölmiðla.

3. Áfallaráð leikskólanna

Í áfallaráði leikskólanna sitja leikskólastjóri, sem er jafnframt ábyrgðaraðili, ásamt aðstoðarleikskólastjóra/staðgengli leikskólastjóra og öllum deildarstjórum leikskólans.

Aðstoðarfólk sem áfallaráð getur leitað til:

- ✓ Prestar
- ✓ Sálfræðingur í Skólaþjónustu Árborgar
- ✓ Kennsluráðgjafi í Skólaþjónustu Árborgar
- ✓ Heilsugæslulæknir/hjúkrunarfræðingur
- ✓ Lögreglan
- ✓ Almannaþjónnir
- ✓ Félagsskráðgjafi í Fjölskyldumiðstöð Árborgar
- ✓ Landspítalinn
- ✓ Alþjóðasetur
- ✓ Leikskólastjórar
- ✓ Fleiri aðilar ef þurfa þykir

4. Vinnuáætlun

Leikskólastjóri kallar saman áfallaráð ef nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemenda verða fyrir alvarlegum áföllum sem geta verið af völdum:

- ✓ Dauðsfalla
- ✓ Slysa
- ✓ Alvarlegra og/eða langvarandi veikinda
- ✓ Líkamsárása
- ✓ Náttúruhamfara
- ✓ Skilnaður foreldra
- ✓ Misnotkun
- ✓ Fósturmissir
- ✓ Eignamissir
- ✓ Flutningar
- ✓ Gæludýramissir
- ✓ Annars sem samkvæmt mati áfallaráðs veldur áfalli hjá nemanda/eða starfsmanni

Viðbrögð áfallaráðs miðast alltaf við aldur og aðstæður hverju sinni.

4.1. Fyrstu viðbrögð

- ✓ Leikskólastjóra eða staðgengils hans er tilkynnt um áfallið.
- ✓ Starfsmaður er beðin um að tilkynna alltaf leikskólastjóra ef áfall, slys eða dauðsfall verður, hvort sem um er að ræða hjá honum sjálfum, barni í leikskólanum eða aðstandanda.
- ✓ Leikskólastjóri leitar staðfestingar hjá lögreglu, prest, viðkomandi eða aðstandendum.
- ✓ Leikskólastjóri kallar áfallaráð saman.
- ✓ Áfallaráð hittist, metur ástandið og skipuleggur framhaldið.
- ✓ Leikskólastjóri hefur samband við prest eða aðra er málið varðar.
- ✓ Leikskólastjóri leitar heimildar hjá viðkomandi eða aðstandendum hans um að fjallað verði um málið.
- ✓ Samráð er haft við þann sem hlut á að máli hverju sinni. Reynt verður að tilkynna um atburðinn eins fljótt og hægt er.

4.2. Aðgerðir áfallaráðs

- ✓ Athuga hvort málið snertir nemendur á fleiri en einni deild.
- ✓ Ákveða verkaskiptingu.
- ✓ Hringja í aðstoðarfólk.
- ✓ Sjá um að almenn tilkynning berist til starfsfólks.
- ✓ Athuga hvort og hvernig eigi að upplýsa aðra starfsmenn leikskólans, foreldra og börn.
- ✓ Með fundi, bréfi (sjá fylgiskjöl) og/eða heimsókn sérfræðings til okkar.
- ✓ Vera alltaf í samráði við foreldra með áframhald. Hvernig útskýra þau fyrir barni sínu. Trúarbrögð – lífssýn o.s.frv.
- ✓ Sjá til þess að starfsfólk fái stuðning og áfallahjálp.
- ✓ Huga að því hvernig á að haga næsta degi í leikskólanum.
- ✓ Á áfallanámskeiðum er talað um að koma vinnustaðnum í sama horf sem fyrst. Muna að taka tillit til aðstæðna og einstaklinga hverju sinni. Ekkert tilfelli er eins og því sjaldan hægt að bregðast við með sama hætti.

„Ég þekki ekki allar staðreyndir.“

Er mjög kurteisileg setning til að svara forvitni annarra ef við erum spurð um atburð.

Munið að við erum bundin þagnarskyldu.

5. Áföll

Í þessum hluta verður farið yfir áföll sem geta komið fyrir. Taka skal fram að listinn er ekki tæmandi sem og viðbrögðin. Hafa skal í huga aðstæður hverju sinni.

Þegar áföll dýnja yfir okkur er nauðsynlegt að þekkja sín mörk og viðbrögð en einnig að viðurkenna og að vera til taks. Hér eru nokkur atriði varðandi hugmyndir og túlkun starfsmanna

- ✓ Vera heiðarlegur – sjálfsskoðun verður að fara fram þ.e. gera sér grein fyrir viðbrögðum sínum – þora að láta aðra starfsmenn vita hvernig bregst ég sjálf/ur við áfalli.
- ✓ Einstaklingar bregðast mismunandi við (aldur, fyrri reynsla). Hvað treystir maður sér til.
- ✓ Gæta þess að vera eðlileg/ur og einlæg/ur.
- ✓ Taka tillit til einstaklings, sumir eiga erfitt með snertingu.
- ✓ Forðast ekki viðkomandi.
- ✓ Sýna rósemi og vera til staðar.
- ✓ Hlusta – **ekki koma með sögur frá sjálfum sér.** Geta greint á milli hvenær maður er hlustandi eða er að veita ráðgjöf.
- ✓ Vera í núinu, spyrja **ekki um framtíðaráform.** (Ætlar þú að selja húsið, hvað ætlar þú að gera núna?) **Aðgát skal höfð í nærveru sálar.**
- ✓ Virða skoðanir og hvernig fólk talar um þann sem dáinn er.
- ✓ Forðist að dæma hagi eða hátterni syrgjanda, hver hefur sitt göngulag í sorginni. Sorgin birtist með ólíkum hætti og skýtur stundum upp kollinum öllum að óvörum. (mjög góður bæklingur „Sorg og sorgarviðbrögð“)

5.1. Nemendur

Eftirfarandi hluti tekur á áföllum sem geta hent nemendum leikskólans.

5.1.1. Alvarleg veikindi og/eða langvinnir sjúkdómar

- ✓ Tilkynning berst til leikskóla og tryggt að upplýsingar komist til áfallaráðs og þeirra sem á þurfa að halda.
- ✓ Leikskólastjóri hefur samband við heimilið og býður þá aðstoð sem er í valdi leikskólans að veita.
- ✓ Áfallaráð eða sá hluti áfallaráðs sem er skipaður starfsfólki leikskólans ákveður hvernig taka skuli á málinu og metur hvernig eigi að upplýsa aðra nemendur leikskólans.
- ✓ Starfsfólki og leikskólafélögum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvölum í burtu frá skóla vegna alvarlegra veikinda. Viðhalda má tengslum við leikskólann í gengum tölvupóst eða símleiðis allt eftir óskum foreldra.
- ✓ Deildarstjóri viðkomandi deildar ræðir við og vinnur með nemendum sem tengjast málinu allt eftir aðstæðum hverju sinni.
- ✓ Áfallaráð meta það í samráði við fjölskyldu hins veika hvaða stuðning sé æskilegt að veita frá skólanum.
- ✓ Sýna aðstæðum virðingu án þess að velta sér upp úr þeim, m.a. geta samnemendur og starfsfólk leikskólans sent kveðjur.

5.1.1.1. Þegar nemandi kemur aftur í skólann

- ✓ Undirbúa þarf starfsfólk leikskólans og leikskólafélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðveldað nemandanum endurkomuna.
- ✓ Deildarstjóri ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann og aðstandendur hans áður en hann kemur í leikskólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kvíðir.
- ✓ Hópstjóri/deildarstjóri veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur.

5.1.2. Alvarlegt slys á nemanda

Tekið er á alvarlegum slysum á nemanda sem verða á skólatíma eða fyrir utan hann.

5.1.2.1. Alvarleg slys sem verða í skólanum

- ✓ Verði alvarlegt slys á nemanda á leikskólatíma skal hafa samband við forráðamenn sem allra fyrst (Leikskólastjóri eða deildarstjóri).
- ✓ Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.
- ✓ Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur sem tengjast málinu.
- ✓ Ef leikskólafélagar hafa tengst slysinu þarf að sinna þeim sérstaklega og hafa samband heim til þeirra.
- ✓ Leikskólastjórnendur gæta þess að upplýsa starfsmenn og foreldra um málavexti, hvort sem hringt er, fólk kallað saman eða sendur tölvupóstur.
- ✓ Ef um alvarlegt slys er að ræða er haldinn fundur með starfsfólki leikskólans þar sem farið er yfir staðreyndir málsins.
- ✓ Sýni fjölmiðlar áhuga, er leikskólastjóri eða staðgengill hans **eini** tengiliður leikskólans við þá. **Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi allar upplýsingar sem gefa á.**

5.1.2.2. Slys sem verða utan skólatíma

- ✓ Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við
- ✓ Starfsfólki, nemendum og foreldrum er tilkynnt um slysið.

5.1.2.3. Næstu dagar

- ✓ Tryggja að upplýsingastreymi verði til leikskólans en það er afar mikilvægt.
- ✓ Deildarstjórar/leikskólastjórnendur komi upplýsingum til nemenda og starfsfólks.
- ✓ Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum, m.a. geta nemendur og starfsfólk sent kveðjur.

5.1.2.4. Þegar nemandi kemur aftur í skólann

- ✓ Undirbúa þarf starfsfólk leikskólans og leikskólafélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðveldað nemandanum endurkomuna.

- ✓ Deildarstjóri ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann og aðstandendur hans áður en hann kemur í skólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kvíðir.
- ✓ Hópstjóri/deildarstjóri veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur.

5.1.3. Andlát nemanda

Áfallaráð kallað saman á stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans. Taka þarf tillit til hvernig andlát ber að, sbr. langvarandi veikindi. Eftirfarandi punktar eru einungis til viðmiðunar og því verður að meta hvert tilfelli og aðstæður hverju sinni.

5.1.3.1. Hvernig skal bregðast við

Bera skal allar aðgerðir skólans undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

- ✓ Gæta skal sérstakrar nærgætni við nán skyldmenni hins látna, nemendur skólans eða starfsmenn leikskólans í öllum viðbrögðum áfallaráðs.
- ✓ Leikskólastjórnendur og aðilar úr áfallaráði tilkynna andlátið til starfsfólks eins fljótt og auðið er.
- ✓ Deildarstjórar ásamt leikskólastjóra tilkynna nemendum skólans andlátið í minni hópum skv. ákvörðun áfallaráðs eða óska eftir að foreldrar upplýsi börn sín. Hlúð er að nemendum eins og hægt er með aðstoð áfallaráðs og viðeigandi aðila (Sjá fylgiskjal um Líðan og einkenni barna í áföllum).
- ✓ Skapaðar eru aðstæður kyrrðar í skólanum, allir saman (starfsfólk og nemendur) eða í minni hópum.
- ✓ Leikskólinn dregur fána í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátið.
- ✓ Haft samband við heimili nemenda og forráðamönnum nemenda tilkynnt um atburðinn þannig að þeir viti um aðstæður þegar nemendur koma heim. Tilvalið að senda foreldrunum í viðhengi fylgiskjalið Líðan og einkenni barna í áföllum.
- ✓ Foreldrar barns heimsóttir og afhenda þeim t.d. blóm/skúffuköku/styttu og við skrifum minningargrein. (Heimsóknin er gerð í góðu samstarfi við heimilið og fallett að afhenta teikningar samnemenda í fallettri möppu.)
- ✓ Leikskólastjóri/deildarstjóri sjái til þess að samúðarkveðja berist frá leikskólanum.
- ✓ Áfallaráð fundi og taki ákvörðun um skipulag skólahalds næstu daga, semji m.a. bréf sem sent verði heim með nemendum.
- ✓ Leikskólastjóri/deildarstjóri sjái til þess að börnin fái fræðslu um jarðarför.
- ✓ Leikskólastjóri/deildarstjóri skipuleggi skrif á minningargrein.
- ✓ Leikskólastjóri og nákomnir starfsmenn mæti við jarðarför. Leikskólinn lokar til að gefa starfsfólki kost á að mæta í jarðarför.
- ✓ Senda tölvupóst á fræðslustjóra og leikskólastjóra í sveitarfélaginu til að upplýsa um atburðinn.
- ✓ Hafa samband við þá starfsmenn sem ekki eru í vinnu (frí, veikindi...) og upplýsa þá um atburðinn.

- ✓ Jarðarför (ef fólk kemst ekki eða teystir sér ekki í jarðarför er mikilvægt að búa til stund fyrir starfsmenn í leikskólanum eða á öðrum stað sem yrði ákveðin kveðjustund).

5.1.3.2. Vinna í skólanum sama dag

- ✓ Deildarstjórar haldi vel utan um starf deildarinnar það sem eftir er skóladags.
- ✓ Kerti/lukt haft í kennslustofunni. (Kaupa batterískerti og ramma fyrir ljósmynd af barninu)
- ✓ Nemendum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn (lífið og dauðann).
- ✓ Sérfræðingar og leikskólastjórnendur aðstoða eftir þörfum.
- ✓ Mikilvægt að leikskólastjóri athugi hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag, svo hægt sé að upplýsa þá um málið.
- ✓ Bréf sent heim til forráðamanna nemenda þar sem þeim er greint frá því hvernig leikskólastarfið verði næstu daga.
- ✓ Í lok dagsins fundar áfallaráð þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.
- ✓ Áfallaráð ákveður og skipuleggur hvernig unnið verður með starfsfólk leikskólans og upplýsir starfsfólkið um það á sameiginlegum fundi.
- ✓ **Kyrrðarstund höfð í leikskólanum fyrir starfsfólk.**
- ✓ Mikilvægt er að starfsfólk leikskólans og þeir sem eru að vinna sérstaklega með nemendum eigi kost á stuðning og áfallahjálp.
- ✓ Fulltrúar leikskólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju næstu daga á eftir.

5.1.3.3. Vinna með nemendum í skólanum næstu daga

- ✓ Deildarstjórar halda sérstaklega vel utan um allt starf á deildinni og taka á móti sínum nemendum næstu daga.
- ✓ Kerti/lukt haft á ákveðnum stað í skólanum fram yfir jarðarför (mynd og blóm). Í samráði við aðstandendur.
- ✓ Hópur/deild útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minningargrein. Einnig geta börnin teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur.
- ✓ Prestur greinir nemendum frá hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför
- ✓ Ef leikskólafélagar barnsins verða við jarðarförina, þarf að undirbúa það vandlega í samráði við forráðamann barnsins. Prestur getur hugsanlega komið og sagt frá því hvernig útförin fer fram. Einnig er vert að skoða hvort ekki sé meira við hæfi að hafa minningarathöfn í skólanum.
- ✓ Kennarar sjá til þess að nemendur fái að tjá tilfinningar sínar og koma með eigin reynslusögur.

5.2. Aðstandendur nemanda (foreldrar og/eða systkini)

5.2.1. Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda

- ✓ Leikskólastjórnendur eða deildarstjóri fær staðfestingu á veikindunum hjá forráðamanni nemandans.
- ✓ Upplýsingum komið til starfsfólks leikskólans.
- ✓ Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.

5.2.2. Alvarleg slys aðstandenda nemanda

- ✓ Leikskólastjórnendur eða deildarstjóri fá staðfestingu á slysi/veikindum hjá forráðamanni nemandans.
- ✓ Upplýsingum komið til starfsfólks leikskólans.
- ✓ Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- ✓ Aðilar úr áfallaráði aðstoða deildarstjóra við að undirbúa nemendur undir það hvernig leikskólafélagar styðja best við nemandann sem hlut á að máli. Það auðveldar nemandanum að takast á við aðstæður.

5.2.3. Andlát aðstandenda nemanda

- ✓ Leikskólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn.
- ✓ Starfsfólki skólans tilkynnt um atburðinn.
- ✓ Áfallaráð kallað saman (auk prests) þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð leikskólans og þau skref sem skólinn stígur.

Bera skal allar aðgerðir skólans undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

- ✓ Athuga þarf hvort nánin skyldmenn hins látna séu við nám eða störf við leikskólann.
- ✓ Leikskólastjórnendur og aðilar úr áfallaráði tilkynna starfsfólki leikskólans um atburðurinn.
- ✓ Leikskólastjóri og deildarstjóri (ásamt sóknarpresti/aðila í áfallaráði) koma upplýsingunum til leikskólafélaga nemandans.
- ✓ Deildarstjóri stjórnar áframhaldandi viðbrögðum á deildinni. Tryggja þarf að þeir eigi kost á að leita sér aðstoðar annarra aðila úr áfallaráði. Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir breytingum í hópnum. Sérstaklega þarf að hyggja að þeim nemendum sem áður hafa gengið í gegnum áfall þegar um málið er fjallað.
- ✓ Samnemendur útbúa samúðarkveðju.
- ✓ Fara heim til barnsins og afhenda fallegan hlut t.d. bangsa.
- ✓ Leikskólinn sendir samúðarkveðju til nemandans og fjölskyldu hans.
- ✓ Ræða þarf í áfallaráði og í samráði við ættingja hvort fulltrúar leikskólans verði viðstaddir jarðarförina.
- ✓ Aðilar úr áfallaráði aðstoða deildarstjórnann við að undirbúa leikskólafélaganna undir það hvernig þau taka á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann. Það auðveldar nemandanum endurkomuna.
- ✓ Hlúð er að nemandanum sem í hlut á í leikskólanum eins lengi og þurfa þyki. Tryggja þarf utanaðkomandi aðstoð ef þurfa þykir.

5.3. Starfsfólk

5.3.1. Alvarleg veikindi starfsmanns leikskólans

- ✓ Leikskólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandenda hans hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt veikindin.
- ✓ Ef starfsmaður er alvarlega veikur tekur einn samstarfsmaður að sér að hringja í hann eða nánast ættingja og fylgjast með líðan hans.
- ✓ Starfsmaður stjórnar ferðinni í samráði við leikskólastjóra og ákveður hversu miklar upplýsingar hann gefur og hverjir fá þær s.s. samstarfsmenn eða foreldrar.
- ✓ Á meðan að starfsmaður er heima í veikindaleyfi er safnað í blómvönd eða annað og/eða börnin búa til fallett kort.

5.3.2. Alvarleg slys starfsmanns leikskólans

- ✓ Fyrstu viðbrögð þurfa að mótask af því hvort slys hefur orðið í leikskóla .
- ✓ Áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt um slysið.
- ✓ Á meðan að starfsmaður er heima í veikindaleyfi er safnað í blómvönd eða annað og/eða börnin búa til fallett kort.

5.3.3. Andlát starfsmanns

- ✓ Leikskólastjóri leitar staðfestra upplýsinga um andlátíð.
- ✓ Áfallaráð fundar um hvernig tilkynna eigi starfsfólki og nemendum andlátíð og hver verða næstu skref, s.s. hvort kalla eigi til sóknarprest.
- ✓ Leikskólastjóri og aðilar úr áfallaráði upplýsa allt starfsfólk skólans um andlátíð, einnig þá sem fjarverandi eru.
- ✓ Gæta þarf að nán skyldmenni hins látna, sem starfa við leikskólann fái fregnina sérstaklega.
- ✓ Leikskólastjóri og aðilar úr áfallaráði upplýsa nemendur skólans um andlátíð, einnig þá sem fjarverandi eru.
- ✓ Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda.
- ✓ Aðilar úr áfallaráði veita starfsfólki og nemendum stuðning og vinna með þeim næstu daga.
- ✓ Leikskólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns.
- ✓ Leikskólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.
- ✓ Kyrrðarstund er höfð í leikskólanum.
- ✓ Ef starfsmaður deyr þá er safnað í blómvönd, krans eða annað og leikskólinn tekur líka þátt. Athuga einnig með minningargrein.
- ✓ Leikskólastjóri athugar hvort megi loka leikskólanum meðan jarðarförin er eða allan daginn.

5.3.4. Alvarleg veikindi maka og/eða barna starfsmanns

- ✓ Leikskólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandenda hans hvernig nemendum og öðru starfsfólki skuli tilkynnt veikindin.

- ✓ Ef starfsmaður er að glíma við mikil veikindi sinna nánustu, sýnum þá hlýhug hver með sínu móti.
- ✓ Starfsmaður stjórnar ferðinni í samráði við leikskólastjóra og ákveður hversu miklar upplýsingar hann gefur og hverjir fá þær s.s. samstarfsmenn eða foreldrar.
- ✓ Á meðan að starfsmaður er heima í veikindaleyfi er safnað í blómvönd eða annað og/eða börnin búa til fallett kort.
- ✓ Ef starfsmaður þarf að vera fjarverandi vegna veikinda í fjölskyldu sinni þá þarf að tilkynna það leikskólastjóra. Meta síðan saman hvort starfsmaður treystir sér í vinnu næsta dag eða daga, þá er vitað hvenær viðkomandi mætir aftur til vinnu – gott fyrir alla. Ef starfsmaður getur ekki mætt til vinnu í marga daga þá þarf að biðja leikskólastjóra um frí og ræða hvernig fjarveran verði skráð.

5.3.5. Andlát maka og/eða barna starfsmanns

- ✓ Leikskólastjóri leitar staðfestra upplýsinga um andlátíð.
- ✓ Leikskólastjóri og aðilar úr áfallaráði upplýsa allt starfsfólk skólans um andlátíð, einnig þá sem fjarverandi eru.
- ✓ Gæta þarf að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við leikskólann fái fregnina sérstaklega – ekki yfir hópinn.
- ✓ Leikskólastjóri, deildarstjórar og aðilar úr áfallaráði upplýsa nemendur leikskólans um andlátíð, einnig þá sem fjarverandi eru.
- ✓ Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda.
- ✓ Aðilar úr áfallaráði veita starfsfólki og nemendum stuðning og vinna með þeim næstu daga eins og þurfa þykir.
- ✓ Samstarfsmenn safna saman í blómvönd.
- ✓ Leikskólastjóri fer heim til starfsmanns.
- ✓ Leikskólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.
- ✓ Ef starfsmaður þarf að vera fjarverandi vegna dauðsfalls í fjölskyldu sinni þá þarf að tilkynna það leikskólastjóra. Meta síðan saman hvort starfsmaður treystir sér í vinnu næsta dag eða daga, þá er vitað hvenær viðkomandi mætir aftur til vinnu – gott fyrir alla. Ef starfsmaður getur ekki mætt til vinnu í marga daga þá þarf að biðja leikskólastjóra um frí og ræða hvernig fjarveran verði skráð.

6. Fólk af erlendum uppruna – leiðir varðandi viðbrögð við áföllum

Á vef Landsspítala – háskólasjúkrahús er að finna rit á tölvutæku formi sem fjallar um ýmsa siði og venjur mismunandi trúarbragða, einnig er hægt að nálgast bæklinginn hjá landlæknisembættinu. Slóðin er www.landspitali.is – smella á Þjónusta og bæklingurinn heitir Menningarheimar mætast.

Í Alþjóðasetur sími 530-9300 er hægt að leita aðstoðar, þar er starfandi upplýsingafulltrúi sem vísar á viðeigandi einstaklinga eftir því hvaðan úr heiminum þeir eru sem verða fyrir áfalli. Slóðin er <http://www.asetur.is/>.

7. Að umgangast barn sem er í sorg

Leyfa barninu að tjá sig um atburðinn og styðja við barnið í gegnum áfallið/sorgina með því að sýna því umhyggju. Vera til taks og gefa því tíma.

- ✓ Taka mið af þroska og aldri barnsins.
- ✓ Hlusta eftir hvað barnið segir í orðum, líkamstjáningu og í leik.
- ✓ Nota virka hlustun, endurtaka það sem barnið segir og bæta við.
- ✓ Frásögn þeirra getur stundum verið sundurlaus – tímaskyn er annað.
- ✓ Börn spyrja mikið, t.d. hvernig er að vera dáinn? Er hjartað hætt að slá? Heyrir hann í okkur núna? Finnur hann til núna? Fer hún upp til guðs? Hvernig er það? Hvernig getur hann bæði verið hjá Guði og ofan í jörðinni?
- ✓ Svvara barn af einlægni þegar það spyr, ekki vera feiminn við að segja sannleikann – vera hreinskilinn. (Afi þinn er dáinn, ekki segja, hann er sofnaður eða hann er farinn. Barnið spyr jafnvel hvert fór hann eða hvenær kemur hann aftur?).
- ✓ Vertu óhrædd/ur við að segja ég veit það ekki, við höfum ekki svör við öllu.
- ✓ Ef barn spyr hvað er/þýðir að vera dáinn? Þá er oft gott að varpa spurningunni aftur til barnsins og leyfa því að svara – hvernig útskýrir barnið að vera dáinn. Ekki ganga lengra en barnið leyfir, með því að spyrja nánar en það er tilbúið til hverju sinni.
- ✓ Aðgát skal höfð í nærveru sálar – ræðið ekki atburð við annan fullorðinn ef barnið stendur hjá sem málið varðar.
- ✓ Gæta sín á frösum eins og „Ég er að deyja úr kulda.“

Varðandi gæludýramissi ef foreldrar spyrja okkur

- ✓ Talið við barnið um dauðann, leyfið því að syrgja og tala um gæludýrið sitt. Hægt er að útbúa myndaalbúm með myndum af dýrinu.
- ✓ Það er best fyrir barnið að fá leyfi til að kveðja gæludýrið sitt áður en það er grafið og halda sína athöfn, t.d. að biðja bæn, syngja sálm eða lag sem barnið heldur upp á. Góð hugmynd er einnig að gróðursetja blóm þar sem dýrið er grafið.

Viðbrögð starfsmanna gagnvart foreldrum í sorg

- ✓ Mætið foreldrum með hlustun og skilningi – verið í sambandi við foreldra og sýnið samúð. Deildarstjóri gæti sýnt samúð fyrir alla starfsmenn á deildinni ef þeir ákveða það í sameiningu.
- ✓ Ef foreldri missir náinn ættingja, láta þá leikskólastjóra og aðra starfsmenn sem tengjast foreldri á einhvern hátt vita.
- ✓ Áfallaráð eða deildarstarfsmenn geta vísað á lesefni og hvert hægt er að leita sér fagaðstoðar.

**„Ég veit hvernig þér líður“ – Þó veist það ekki!
 „Allt verður betra á morgun“ – Það er ekki víst!
 „Þetta gæti verið verra“ – Þú ert einn um það álit!**

Fylgiskjöl

Viðbragðsáætlun vegna slysa

Bréf vegna andláts barns

Bréf vegna andláts foreldris og/eða systkinis

Bréf vegna minningarstundar
Bréf vegna sjúkrabíls
Bækur og fróðleikur um sorg
Líðan og hegðun barna í áföllum

Viðbragðsáætlun vegna slysa

Hvernig hringjum við í 112

- Neyðarvörður svarar þér - Vertu viðbúinn að svara spurningum.
 - Hvar er atburðurinn?
 - **Hvar er best að sjúkrabíllinn komi að húsinu.**
 - Hvað gerðist?
 - Hvenær?
 - Hver ert þú?
- Ekki slíta samtalinu! – Neyðarvörður ákveður hvenær nauðsynlegar upplýsingar hafi borist frá þér.
- Hvað varðar hvenær á að hringja þá má segja að regla sé að ef í vafa hringdu í 112

Viðbrögð við slysum

- ✓ Sá starfsmaður sem fyrstur kemur á vettvang sinnir bráðahjálp og lætur kalla til leikskólastjóra eða deildarstjóra.

Þeir í sameiningu sjá um að:

- Þeim slasaða sé sinnt
- Honum sé fylgt næstu skref
- Kallað er á hjálpar

Annað starfsfólk sér um að:

Nærstaddir eru færðir frá og róaðir

Ef um alvarlegt slys er að ræða þá:

1. Haft er samband við Neyðarlínu í síma 112 ef með þarf.
2. Skólastjórnendur virkja áfallateymi ef með þarf.
3. Leikskólastjóri eða deildarstjóri láta foreldra/forráðamenn viðkomandi nemenda vita.
4. Starfsfólk og nemendur leiksskólans eru upplýst um málið og áfallaáætlun tekur gildi ef um frekari aðgerðir er að ræða.



Bréf vegna andláts barns

(taka út)

Selfoss, [2. janúar 2010]



Kæru foreldrar barna í **Jötunheimum**

Sá sorglegi atburður gerðis þann [..(dags)..] að barn af [..(nafn deildar)..] lést/fórst af slysförum/veikindum.

Mér finnst mikilvægt að aðstandendur barna á deildinni fái vitneskju um atburðinn og hvernig við í leikskólanum höfum brugðist við.

Í dag var haldinn minningarathöfn á [....(nafn deildar)....] þar sem rætt var við börnin um atburðinn. Auk starfsmanna deildarinnar og leikskólastjóra tóku þátt í umræðunni [....(nafn prests og sálfræðings)....].

Þessi sorglegi atburður mun setja svip sinn á leikskólastarfið næstu daga. Ef foreldrar vilja á einhvern hátt tjá sig eða leita svara við spurningum sem leita á hugann þá er velkomið að hafa samband við **Júlíönu** leikskólastjóra og [???] deildarstjóra – og/eða annað starfsfólk leikskólans. Einnig hefur verið gefið út margt gott lesefni um sorg og sorgarviðbrögð sem gott er að leita í við þessar aðstæður s.s. bókina Börn og sorg eftir Sr. Sigurð Pálsson.

Með innilegri hluttekningu

Leikskólastjóri Jötunheima

Kæru foreldrar barna í Jötunheimum

Sá sorglegi atburður gerðist þann [..(dags)..] að [..(nafn barns)..], nemandi á [..(nafn deildar)..], lést eftir langvarandi veikindi.

Mér finnst mikilvægt að aðstandendur barna í leikskólanum fái vitneskju um atburðinn og hvernig við í leikskólanum höfum brugðist við. Það er ósk mín að foreldrar upplýsi og ræði við börn sín um fráfalið.

Áfallaráð Jötunheima, sem í eiga sæti deildarstjórar, sérkennslustjóri og leikskólastjórnendur, komu saman kl. 20:30 sama kvöld og fóru yfir áfallaáætlun og sorgarviðbrögð í leikskólanum. Í kvöld munu starfsmenn leikskólans koma saman, ásamt Sr. Guðbjörgu Arnardóttur, þar sem farið verður yfir viðbrögð starfsfólks við spurningum barnanna sem upp kunna að koma.

Á morgun, miðvikudag, verður boðið upp á minningarstund fyrir börn og foreldra á [..(nafn deildar)..] klukkan 15:30. Sr. Guðbjörg mun leiða þá stund. Jafnframt verður flaggað í hálfra stöng þann dag.

Þessi sorglegi atburður mun setja svip sinn á leikskólastarfið næstu daga og vil ég biðja foreldra að vera vakandi yfir líðan barna sinna. Ef foreldrar vilja á einhvern hátt tjá sig eða leita svara við spurningum sem leita á hugann þá er velkomið að hafa samband við mig, [..(nafn)..] deildarstjóra [..(nafn deildar)..] og/eða deildarstjóra af öðrum deildum.

Gefið hefur verið út margt gott lesefni um sorg og sorgarviðbrögð sem gott er að leita í við þessar aðstæður s.s. bókin Börn og sorg eftir Sr. Sigurð Pálsson.

Með innilegri hluttekningu og hlýhug til fjölskyldu [..(nafn barns)..].

Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri Jötunheima.

Kæru foreldrar barna í Jötunheimum

Sá sorglegi atburður gerðist þann [..(dags)..] að [..(nafn barns)..], nemandi á [..(nafn deildar)..], lést eftir stutt en alvarleg veikindi.

Mér finnst mikilvægt að aðstandendur barna í leikskólanum fái vitneskju um atburðinn og hvernig við í leikskólanum höfum brugðist við. Það er ósk mín að foreldrar upplýsi og ræði við börn sín um fráfallið.

Áfallaráð Jötunheima, sem í eiga sæti deildarstjórar, sérkennslustjóri og leikskólastjórnendur, kom saman og fór yfir áfallaáætlun og sorgarviðbrögð í leikskólanum. Á sunnudagskvöld komu starfsmenn leikskólans saman, ásamt Sr. Guðbjörgu Arnardóttur, þar sem farið var yfir viðbrögð starfsfólks við spurningum barnanna sem upp kunna að koma.

Á fimmtudaginn, 19. október, verður boðið upp á minningarstund fyrir börn og foreldra á Sólbakka klukkan 15:30. Sr. Guðbjörg mun leiða þá stund. Jafnframt verður flaggað í hálfra stöng þann dag.

Þessi sorglegi atburður mun setja svip sinn á leikskólastarfið næstu daga og vil ég biðja foreldra að vera vakandi yfir líðan barna sinna. Ef foreldrar vilja á einhvern hátt tjá sig eða leita svara við spurningum sem leita á hugann þá er velkomið að hafa samband við mig, [???] aðstoðarleikskólastjóra, [???]deildarstjóra Sólbakka og/eða deildarstjóra af öðrum deildum.

Gefið hefur verið út margt gott lesefni um sorg og sorgarviðbrögð sem gott er að leita í við þessar aðstæður s.s. bókin Börn og sorg eftir Sr. Sigurð Pálsson.

Með innilegri hluttekningu og hlýhug til fjölskyldu [nafn barns].

Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri Jötunheima.

Bréf vegna andláts foreldris og/eða systkinis

(taka út)

Selfoss, [2. janúar 2010]



Kæru foreldrar barna í **Jötunheimum**

Sá sorglegi atburður gerðis þann [..(dags)..] að **móðir/faðir/systkini** barns af [..(nafn deildar)..] lést/fórst af **slysförum/veikindum**.

Mér finnst mikilvægt að aðstandendur barna á deildinni fái vitneskju um atburðinn og hvernig við í leikskólanum höfum brugðist við.

Í dag var haldinn stutt athöfn þar sem rætt var við börnin um atburðinn. Auk starfsmanna og leikskólastjóra tóku [....(nafn prests og sálfræðings)...] þátt í umræðunni.

Þessi sorglegi atburður mun setja svip sinn á leikskólastarfið næstu daga og viljum við biðja foreldra að vera vakandi yfir líðan barna sinna. Ef foreldrar vilja á einhvern hátt tjá sig eða leita svara við spurningum sem leita á hugann þá er velkomið að hafa samband við **[Júlíönu]** leikskólastjóra og **[???** deildarstjóra – og/eða annað starfsfólk leikskólans. Einnig hefur verið gefið út margt gott lesefni um sorg og sorgarviðbrögð sem gott er að leita í við þessar aðstæður s.s. bókin Börn og sorg eftir Sr. Sigurð Pálsson.

Með innilegri hluttekningu

Leikskólastjóri Jötunheima

Selfoss, 2. janúar 2010



Kæru foreldrar barna í **Jötunheimum**

Í umferðarslysinu á Suðurlandsvegi 1. janúar lést **Jóna Jónsdóttir**. **Jóna** er móðir **Palla**, 5 ára drengs sem er á [...nafn deildar...] hér í Jötunheimum.

Áfallaráð Jötunheima sem í eiga sæti deildarstjórar í Jötunheimum og leikskólastjórnendur komu saman kl **8:30 2. janúar** og fór yfir sorgarviðbrögð í leikskóla við þessar aðstæður.

Leikskólastjóri hafði samband við **Sr. ?????** og föðurinn **Jón Jónsson** og í gær heimsóttu **Júlíana** leikskólastjóri og **?????** deildarstjóri [...nafn deildar...] fjölskylduna og færði þeim skúffuköku sem bökuð var í eldhúsi Jötunheima.

Eftir þá heimsókn var fundur með starfsfólki Jötunheima þar sem farið var yfir viðbrögð starfsfólks við spurningum barna sem upp kunna að koma í kjölfar þessa slyss.

Ef foreldrar vilja á einhvern hátt tjá sig eða leita svara við spurningum sem leita á hugann þá er velkomið að hafa samband við **Júlíönu** leikskólastjóra og **????** deildarstjóra – og/eða annað starfsfólk leikskólans. Einnig hefur verið gefið út margt gott lesefni um sorg og sorgarviðbrögð sem gott er að leita í við þessar aðstæður s.s. bókina **Börn og sorg** eftir **Sr. Sigurð Pálsson**.

Með innilegri hluttekningu,

Leikskólastjóri Jötunheima

Stöðluð bréf til foreldra. (Hugmyndir ef ekki þykir ástæða til að hafa samband við foreldra símleiðis)

Staðlað bréf til að senda á foreldra þegar við köllum á sjúkrahól.

Selfossi, ... dagsetning og ár

Kæru foreldrar barna í **nafn leikskóli/deildar**

Í morgun kom upp hér alvarlegt atvik þegar barn á deildinni missti **meðvitund/hlaut opið beinbrot** og urðum við að kalla til sjúkrahól.

Okkur finnst mikilvægt að þið vitið af þessu atviki svo þið getið svarað börnunum ef spurningar vakna. Barninu sem um ræðir heilsast vel og er á batavegi.

Starfsfólk deildarinnar brást skjótt við en sökum áfalls vegan atburðarins var ákveðið að loka deildinni og veita starfsfólki áfallahjálp.

Kær kveðja **xxxxxx** leikskólastjóri

Komið öll sæl og blessuð.

Um kl. **13:15 í dag 24. október 2018** þurfti að kalla til sjúkrahól vegna veikinda starfsmanns. Okkur finnst mikilvægt að þið vitið af þessu atviki svo þið getið svarað börnum ykkar ef spurningar vakna hjá þeim.

Kveðja aðstoðarleikskólastjóri.

Stöðluð bréf til foreldra þegar við auglýsum minningarstund.

Selfossi, dagsetning og ár



Kæru foreldrar barna í **nafn leikskóli/deildar**

Um helgina lést elskulegur vinur okkar **xxxxxxxxxxxxx** eftir erfið veikindi. Eftir slíkan atburð fer í gang áfallaáætlun hér í leikskólanum sem lítur að börnum, foreldrum og starfsfólki. Búið er að tilkynna atburðinn samkvæmt áfallaáætlun. Minningarstund verður hér í leikskólanum í **dag kl. 17:00** fyrir börn og foreldra á **nafn deildar/leikskóla**

Kær kveðja **xxxxxx** leikskólastjóri

Kæru foreldrar barna á [...nafn deildar...]

Í gær lést elsकुlega vinkona okkar hún [...nafn barns...] eftir erfið veikindi. Eftir slíkan atburð fer í gang áfallaáætlun hér í leikskólanum sem lítur að börnum, foreldrum og starfsfólki. Búið er að tilkynna atburðinn samkvæmt áfallaáætlun.

Minningarstund með Sr. Guðbjörgu Arnardóttur verður á [...nafn deildar...] á morgun, miðvikudag, kl. 15:30 fyrir börn og foreldra á [...nafn deildar...]. Þeir foreldrar sem komast ekki né vilja að börn sín taki þátt í þessari stund hafi samband við [...nafn deildarstjóra...], deildarstjóra.

Kær kveðja Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri.

Kæru foreldrar barna á Sólbakka

Í gær lést elsकुlega vinkona okkar hún [...nafn barns...] eftir stutt en alvarleg veikindi. Eftir slíkan atburð fer í gang áfallaáætlun hér í leikskólanum sem lítur að börnum, foreldrum og starfsfólki. Búið er að tilkynna atburðinn samkvæmt áfallaáætlun.

Minningarstund með Sr. Guðbjörgu Arnardóttur verður á [...nafn deildar...] fimmtudaginn 19. október, kl. 15:30 fyrir börn og foreldra á [...nafn deildar...]. Þeir foreldrar sem komast ekki né vilja að börn sín taki þátt í þessari stund hafi samband við [...nafn deildarstjóra...], deildarstjóra.

Kær kveðja Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri.

Stöðluð bréf til foreldra þegar við auglýsum lokað vegna jarðarfarar.

Kæru foreldrar/forráðamenn

Á föstudaginn 27. október, lokar leikskólinn klukkan 13:00 vegna jarðarfarar [nafn barns]..

Virðingarfyllt,

Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri

Bókalisti yfir barna- og fullorðinsbækur

Heimasíðan: www.sorg.is heimasíða Nýrrar dögunar.

Benedikt Jóhannsson. 2004. Börn og skilnaður. .

Bragi Skúlason. Von

Bragi Skúlason. 1994. Sorg barna

Guðrún Alda Harðardóttir. Það má ekki vera satt.

Karl Sigurbjörnsson. Til þín sem átt um sárt að binda

Krabbameinsfélagið. Mamma og pabbi hvað er að?

Sigurbjörn Einarsson. 2004. Af hverju afi?

Sigurð Pálsson. 1998. Börn og sorg. Reykjavík: Skálholtsútgáfa.
Stevens, Margret. Þegar afi dó
Þröstur B. Steinþórsson. 1994. Tekist á við sorg

Staðlaður texti sem settur er í alla tölvupósta þar sem við tilkynnum andlát.

Líðan og hegðun barna í áföllum

Sorg barna er ekki eins samfelld og fullorðinna. Eftir fyrstu viðbrögðin, getur sorgin vitjað þeirra ítrekað við tilteknar aðstæður í lífinu, t.d. á merkisdögum og minningardögum og getur fylgt þeim með einum eða öðrum hætti til fullorðinsára.

Börn virðast almennt dylja sorg sína fremur en fullorðnir. Sökum þess hve sorgin gengur nærri tilfinningalífi þeirra leitast þau oft við að beina huganum að einhverju skemmtilegu til þess að hlífa sér. Börn fela oft sorg sína, meðvitað eða ómeðvitað, til að hlífa fullorðnum syrgjendum í kringum sig og reyna þess í stað að geðjast þeim og gleðja.

Sorgin getur vitjað barna í hvert sinn sem þau ganga í gegnum nýtt þroskaskeið. Með auknum þroska kemur nýr skilningur á dauðanum og ný vitund um þann missi sem þau hafa orðið fyrir. (Sigurður Pálsson. Börn og sorg 1998: 14) Viðbrögð barna við missi eru mismunandi. Þau geta farið eftir aldri og persónuleika barnsins, tengslum við hinn látna, nánasta umhverfi barnsins og aðstæðum. Þegar barni er sagt frá dauðsfalli geta fyrstu viðbrögð þess verið ýmiskonar. Sterkar tilfinningar brjótast svo út nokkru seinna.

Algeng einkenni sorgarviðbragða

- Líkamleg: verkir og hiti.
- Skert einbeiting og námsörðugleikar.
- Einangrun.
- Ótti um að missa fleiri eða vera yfirgefin(n).
- Myrkfælni og svefnörðugleikar.
- Reiði og sektarkennd.
- Söknuður.

Börn skynja dauðann út frá sínum eigin forsendum. Á ólíkum aldri og þroskaskeiðum hafa þau ólíkan skilning á því sem er að gerast í þeirra lífi.

Börn undir 5 ára aldri skynja dauðann eins og svefn og eiga erfitt með að skilja að hinn látni getur ekki vaknað til lífsins að nýju. Sú útskýring að amma sé í kirkjugarðinum og á sama tíma hjá Jesú er þeim mjög ruglingsleg. Varast ber að nota orð eins og: Hann er farinn eða hann sofnaði svefninum langa því ef einhver fer þá kemur hann aftur og við vöknum aftur eftir svefn.

Börn 6-8 ára skilja betur samhengið í lífinu frá upphafi til enda og vita að dauðinn er varanlegur og þess vegna mótmæla þau honum. Þeim finnst stundum sem hinn látni hafi svikið þau og bregðast við í samræmi við það, leynt og ljóst.

Sorgarferli

Fræðimenn hafa sett fram mismunandi kenningar um sorgarferlið. Talað er um sorg, tímabil og verkefni sorgar. Colin Mary Parkers, breskur geðlæknir, skiptir sorgarferlinu niður í fjögur tímabil:

- Doði/lost, tilfinningaleysi og afneitun á staðreyndum missisins.
- Söknuður, afneitun og reiði.
- Upplausn, örvænting og vanmáttur.
- Enduruppbygging. Einstaklingurinn verður að fá útrás fyrir tilfinningar sínar og ljúka hverju tímabili fyrir sig. Þó eru oft bakslög en þau verða ekki eins sársaukafull þegar lengra líður frá missinum. Misjafnt er hvað sorgarferlið er talið taka langan tíma, en tvö ár er algengur tími.

Punktur sem gætu nýst eftir fund með Ara sálfræðingi í HSU.

- Mikilvægt að búa til andrúmsloft til að tala um þann sem lést.
- Stjórnendur þurfa að leggja línurnar til að leyfa fólki að tala. Vera óhrædd að tala og sýna tilfinningar. Tala um sína eigin minningu.
- Vera vakandi fyrir persónubreytingum hjá fólki (Pirringur, viðkvæmni, þrætugjarnari...)
- Meiri þreyta og því meiri áhætta á óhöppum. Sljó athygli
- Mikill fjölbreytileiki í viðbrögðum og viðkvæmni hjá fólki.
- Ýfist upp úr eigin lífi – tilfinningar sem voru erfiðar áður og við áföll geta komið aftur upp.
- Spara lífsspeki!!!
- Ekki loka á samtalið við aðra.
- Ekki vera spekingur.
- Það er ekki til uppskrift af vandamálinu.
- Sorgarþrepinn getur komið í ruglingslegri röð – ekki stig af stigi.
- Tala um okkar líðan og leyfa starfsfólkinu að heyra að við erum með stuttan þráð (pirringur, þreyta, álag, sorg...)
- Ásakanir koma jafnvel upp (Ég hefði átt að ...)
- Samviskubít (leyfa fólki að tjá sig...)
- Ef fólk er heima eftir andlát. Þjóða því að þú sem stjórnandi eða einhver annar komi í heimsókn (passa samt að hún verði ekki allt of löng). Hvetja fólk til að leyta hjálpar (prestar, sálfræðingur, handleiðsla).
- Jarðarför (ef fólk kemst ekki eða teystir sér ekki í jarðarför er mikilvægt að búa til stund fyrir starfsmenn í leikskólanum eða á öðrum stað sem yrði ákveðin kveðjustund).
- Starfsfólk sem segir ekkert. Tala við það fólk. Athuga hvort það er að fá „útrás“ annars staðar. Nota sjálfstjórningu.
- Næstu skref:
 - Halda samtalinu opnu.
 - Þarfir geta breyst.
 - Fyrirlestur um andlega næringu
 - Mannleg viðbrögð og mannsheilinn. Leiða samtalið. Séra Kristinn á Eyrarbakka og stökkseyri búinn að grúska mikið í þessu. Fræðilegt, skemmtilegt og gagnlegt erindi.
- Traust. Ef maður tekur ábyrgð á sínum gjörðum.
- Ekki veikleiki að sýna tilfinningar.
- Er ég sáttur við hvað ég sagði og gerði?